

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

---

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja.bs.

1. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn Mánudaginn 27. júlí 2015

kl.15:00 í fundarsal B.S. á slökkvistöðinni á Hringbraut 125, Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

**Fyrsti fundur stjórnar nýs byggðasamlags Brunavarna Suðurnesja.**

### Fundargerð.

Friðjón setur fundinn.

#### Dagskrá:

1. Kosning í embætti stjórnar.
  - Komin fram tillaga að Friðjón Einarsson verði formaður og Jóhann S. Sigurbergsson verði varaformaður. *Samþykkt samhljóða.*
  - Sigurður Skarphéðinsson verður ritari stjórnar. *Samþykkt samhljóða.*
2. Rekstur fyrstu 6 mánuði ársins 2015.
  - Farið yfir rekstrartölur fyrstu 6 mánuði ársins og skýrir slökkviliðsstjóri út einstaka liði.
  - Rekstur er samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.
3. Yfirlit yfir starfið fyrstu 6 mánuðina, starfsmannahald o.flr.
  - Slökkviliðsstjóri fer yfir starfið, mikil vinna hefur verið við gerð byggðasamlagsins, farið hefur verið yfir fjölda í varaliði og eru starfsmenn BS núna 44. Rætt um skyldur og kröfur starfsins, læknisskoðanir starfsmanna og þær kröfur sem eru lagðar á starfsmenn BS.
4. Önnur mál.
  - Rætt um fundartíma, mögulegar breytingar
  - Rætt um fundargerðir BS, senda þær út í pdf.

**Fundi slitið kl. 16:00**